

Allsherjarnefnd Alþingis
Sólveig Pétursdóttir formaður
Árni Ragnar Árnason
Guðný Guðbjörnsdóttir
Guðrún Helgadóttir
Hjálmar Jónsson
Jóhanna Sigurðardóttir
Jón Kristjánsson
Kristján Pálsson
Valgerður Sverrisdóttir

Héraðsdómur Reykjavíkur hefur sent Allsherjarnefnd umsögn um frumvarp til laga um dómstóla. Umsögnin var afgreidd á fundi dómara þann 26. nóvember sl. en ég átti þess ekki kost að sitja fundinn. Mér þykir ástæða til að koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri við Allsherjarnefnd varðandi tiltekna breytingar sem gert er ráð fyrir að verði á vinnutilhögun dómara verði frumvarpið að lögum.

Í frumvarpinu og athugasemdum sem því fylgja er leitast við að gera grein fyrir þeim hugmyndum og markmiðum sem þar búa að baki. Megintilgangur frumvarpsins er að styrkja stöðu og sjálfstæði dómstólanna og meðal annars auka þannig tiltrú almennings á starfsemi þeirra eins og fram kemur í upphafi II. kafla athugasemdanna. Einnig kemur fram að sjálfstæði og hlutleysi dómstóla verði að vera hafið yfir allan vafa og ekki sé nægjanlegt að það sé tryggt í reynd, heldur verði það að vera sýnilegt hverjum sem er, sbr. 8. tl. III. kafla athugasemdanna. Loks er rétt að nefna hér hugmyndir sem fram koma t.d. í 6. og 7. tl. sama kafla þess efnis að mikilvægt sé að auka afköst, skilvirkni og hraða við rekstur dómsmála.

Þegar önnur atriði frumvarpsins eru skoðuð verður að telja vafasamt hvernig þau samræmast ofangreindum markmiðum. Gert er ráð fyrir því að stöður dómarafulltrúa verði lagðar niður en að í stað þeirra verði tekin upp störf löglærðra

aðstoðarmanna héraðsdómara. Um ráðningu þeirra er fjallað í 17. gr. frumvarpsins en þar segir að til aðstoðar dómurum megi ráða lögfræðinga sem fullnægi skilyrðum 2.-6. töluliðar 2. mgr. 12. gr. Starfssvið aðstoðarmanna er ekki skilgreint í lagafrumvarpinu en fram kemur í athugasemdum að miðað sé við að aðstoðarmenn vinni margháttað störf í þágu einstakra héraðsdómara í sambandi við t.d. skipulagningu á vinnu þeirra, athugun á málum, heimildaröflun vegna mála, samskipti við málsaðila eða málflytjendur þeirra í tengslum við meðferð máls og samningu dómsúrlausna.

Ég hef starfað við dómstörf í u.þ.b. 20 ár, fyrst sem dómarafulltrúi á árunum 1977-1984, að frátöldu eins árs framhaldsnámi í Bandaríkjunum 1979-1980, og síðan sem héraðsdómari frá árinu 1984. Á þessum tíma hef ég í sumum tilfellum notið aðstoðar dómarafulltrúa eða annarra löglærðra starfsmanna dómstólsins. Í öllum tilfellum hefur reyndin orðið sú að aðstoð þeirra sem hafa litla þjálfun í dómstörfum hefur komið að takmörkuðu gagni og stundum engu. Á hinn bóginn hefur aðstoð dómarafulltrúa sem hafa verulega reynslu af dómstörfum aukið skilvirkni og verið til bóta. Slík aðstoð hefur hins vegar verið takmörkuð en brýnast væri að auka hana, a.m.k. til að ná því markmiði að auka afköst, skilvirkni og hraða við rekstur og úrvinnslu dómsmála. Ég tel að í öllum tilvikum sé mikilvægt að dómari hafi nægjanlegt sjálfstæði til að ákveða með hvaða hætti aðstoð löglærðra tryggji best þau markmið sem dómstólum er ætlað að vinna eftir. Verður sérstaklega að huga að því að aðstoðin verði nægjanleg, bæði að magni og gæðum, að öðrum kosti er hætta á því að hún komi ekki að tilætluðu gagni.

Í frumvarpinu er ekki tekið á því að brýnt sé að tryggja að dómstólarnir njóti starfskrafta þeirra lögfræðinga sem þegar hafa mikla reynslu og þjálfun í dómstörfum. Þvert á móti má gera ráð fyrir að starfandi dómarafulltrúar sem margir hafa mikla dómarareynslu hverfi til annarra starfa verði frumvarpið að lögum enda verða störf aðstoðarmanns samkvæmt 17. gr. ekki sambærileg stöfum dómarafulltrúa. Þannig má fastlega gera ráð fyrir því að löglærðir aðstoðarmenn dómara verði í mörgum tilfellum reynslulitlir. Þeir koma þar að auki til með að hafa takmarkaðra valdsvið en


dómarfulltrúar hafa samkvæmt nágildandi lögum. Þessi atriði koma ekki til með að auka afköst og skilvirkni við afgreiðslu dómsmála.

Ég vil sérstaklega áréttta og vekja athygli alþingismanna á því hve brýnt hlýtur að vera að dómstólar njóti starfskrafta þeirra reyndu og hæfu dómarafulltrúa sem nú starfa við dómstörf. Einnig er mikilvægt að við afgreiðslu frumvarps til laga um dómstóla verði hlustað á rök þeirra dómara sem hafa reynslu af dómstörfum við héraðsdómstóla landsins.

Meðfylgjandi er listi yfir nöfn starfandi dómarafulltrúa og starfstíma þeirra.

Héraðsdómi Reykjavíkur,

28. nóvember 1997.



Sigríður Ingvarsdóttir

héraðsdómari.

Dómarfulltrúar:	Starfsaldur:
Júlíus Georgsson	1976
Þorgerður Erlendsdóttir	1979
Greta Baldursdóttir	1980
Jón Finnbjörnsson	1983
Halla Bachmann Ólafsdóttir	1983
Ingveldur Einarsdóttir	1985
Arnfríður Einarsdóttir	1986
Ragnheiður Bragadóttir	1989
Erlingur Sigtryggsson	1991
Ingi Tryggvason	1993
Skúli Magnússon	1995
Áslaug Björgvinsdóttir	1995
Hilmar Gunnlaugsson	1996
Ólafur Kristinsson	1996